

Sorpa b.s. – urðunarstaður í Álfsnesi
Álfsnes
116 Reykjavík

Selfoss, 25.7.2025
UOS2501540/H.M.V.
11.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 6. maí 2025 – Sorpa bs., urðunarstaður í Álfsnesi, ID 11

Þann 6. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpu bs. í Álfsnesi. Í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávika:

Opið er eldra frávik er kom fram í eftirliti ársins 2024 og varðar móttöku á sandi úr sandskiljum en slíkur úrgangur flokkast sem spilliefni sbr. úrgangskóðum í rg. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Unnið er að úrbótum varðandi frávikið en stofnunin óskar eftir uppfærðri áætlun varðandi frávikið og framkvæmd úrbóta og með áætluðum tíma um hvenær úrbótum verður lokið.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

Rekstraraðila ber að sjá til þess að timbur sem unnið er á starfsstöðinni safnist ekki upp í óhóflega miklu magni á hverjum tíma en magn brennanlegs úrgangs má ekki vera meira en 8000 m³ hverju sinni sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi svo ekki skapist hættu á sjálfsíkveikju.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%) á urðunarstað sbr. a-lið í 8. gr. í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Urðaður var lífrænn úrgangur á urðunarstaðnum sem berast átti í GAJU.
2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skilaði inn ófullnægjandi skráningum. *Fráviki er lokað þar sem rekstraraðili hefur lagt fram uppfærð og endurbætt skil sem skilað var til stofnunarinnar þann 22. maí sl.*

3. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Grunnvatnsmælingar ársins 2024 úr mælibrunnum benda til að mengun sé að berast í grunnvatn. Ammóníum (NH_4^+) mælist 2,48 mg/l í brunni ÁN-12 og 0,98 mg/l í brunni ÁN-14. Borið saman við viðauka II, töflu 2.2 í „Vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-2027“, sbr. rg. nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun kemur fram hámarksviðmiðunargildi fyrir ammóníum (mg/l N) sem er 0,5 (0,4 mg/l N fyrir viðsnúningsgildi).

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 18. ágúst 2025.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri